

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 108/1973, um breyting á lækna­lögum, nr. 80 23. júní 1969.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Við 3. gr. komi ný málsgrein er verði 3. mgr. og hljóði svo:

Ráðherra getur einnig veitt mönnum takmarkað lækningaleyfi, ef þeir hafa til þess næga þekkingu að dómi landlæknis og hann mælir með leyfisveitingunni að höfðu samráði við læknaeild Háskóla Íslands.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthias Bjarnason.*

**L Ö G**

um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Allir menn, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum og ekki eru orðnir 67 ára fyrir 1. janúar 1978, skulu á árinu 1978 leggja til hliðar fé til varðveislu í ríkissjóði sem hér segir:

- a) Einstaklingar: 10% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að frádregnum 2 400 000 kr., auk 186 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975.
- b) Samsköttuð hjón og karl og kona sem búa saman í óvígðri sambúð, sbr. 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum: 10% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að frádregnum 3 100 000 kr., auk 186 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975.
- c) Hjón sem telja fram hvort í sínu lagi: 10% af skattgjaldstekjum hvors um sig á skattárinu 1977 að frádregnum 1 860 000 kr. hjá hvoru, auk 93 000 kr. hjá hvoru fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975.